

From: jon.oam.thormodsson@evr.is [mailto:jon.oam.thormodsson@evr.is]
Sent: 10. janúar 2012 15:40
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: harpa.s.masdottir@evr.is; thora.hjaltested@evr.is; skuli.ionsson@rsk.is
Subject: Hlutfélagafrv. (samruni): Smábreytingar v. umsagnar KPMG

jonogm/hf.ehf.frv.samruni.br.till. 10.1.2012

Breytingartillögur KPMG voru miðaðar við frumvarpstextann í nóvember 2011 en ekki breytingartexta í minnisblaði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins frá 12. desember 2011. Sýnast þær ekki eiga við sé desembertextinn samþykktur (Skúli Jónsson, forstöðumaður hlutfélagaskrár, og Jónas Rafn Tómasson hdl., fulltrúi KPMG, samþykkir þessum skilningi) nema hvað gera mætti eftirfarandi breytingar á þeim texta til frekari skýringar:

3. tölul. minnisblaðstextans (um hlutfélög) orðast þá svo:

3. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr.:

a. Í lok a-liðar falli niður orðin "nema hluthafar samþykki annað samhljóða."

b. Við bætist tveir nýir stafliðir, d-e-liðir, sem orðast svo:

d. Á eftir orðunum "Greinargerð stjórnar" í 4. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

e. Á eftir orðunum "Skýrsla matsmanna" í 5. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

6. tölul. minnisblaðstextans (um einkahlutfélög) orðast þá svo:

6. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 9. gr.:

a. Í lok a-liðar falli niður orðin "nema hluthafar samþykki annað samhljóða."

b. Við bætist tveir nýir stafliðir, d-e-liðir, sem orðast svo:

d. Á eftir orðunum "greinargerð stjórnar" í 4. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

e. Á eftir orðinu "skýrsla" í 5. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.